

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum

1. gr.

Í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 veitir félagsmálanefnd Sveitarfélagsins Árborgar foreldrum og/eða barni sem er aðili barnaverndarmáls fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni eftir því sem nánar er kveðið er á um í reglum þessum. Beiðni um fjárhagsaðstoð til greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar skal beint til starfsmanna barnaverndar sem bera beiðni undir félagsmálanefnd.

2. gr.

Við mat á því hvort aðila máls verði veittur fjárstyrkur til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð og við mat á fjárhæð styrksins er horft til efnahags aðilans, eðli þess máls sem óskað er beiðni um fjárstyrk lýtur að og umfang þess. Félagsmálanefnd eða eftir atvikum starfsmaður barnaverndar getur í þessu skyni lagt fyrir aðila að leggja fram gögn um efnahag sinn áður en tekin er ákvörðun um styrkveitingu. Fjárhæð fjárstyrks skal að hámarki vera greiðsla fyrir 10 klst. vinnu á tímagjaldi sem fram kemur í viðmiðunarreglum dómstólaráðs um greiðslu málsvarnarlauna í sakamálum.

3. gr.

Að jafnaði skal aðila máls veittur fjárstyrkur til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð sem lýtur að málsmeðferð áður en mál kemur til úrskurðar sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þá skal að jafnaði veita aðila máls fjárstyrk til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð í tengslum við meðferð máls fyrir kærunefnd barnaverndarverndarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

4. gr.

Fjárstyrkur til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að aðili máls hafi tilnefnt sér löglærðan aðstoðarmann sem hefur réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti. Aðili máls hefur rétt til þess að velja sér sjálfur lögmann.

5. gr.

Fjárstyrkur til greiðslu fyrir lögmannsaðstoð er greiddur til lögmanns skv. reikningi en reikningur verður ekki greiddur nema honum fylgi tímaskýrsla.

6. gr.

Ákvörðun um veitingu fjárstyrks er kæránleg til kærunefndar barnaverndarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykkt í félagsmálanefnd Árborgar þann 6.júní 2013 og í bæjarráði Árborgar þann 13. júní 2013